

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 840 frá 18. júlí 1988 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðslu. Annast Tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 14. júlí 1988.

F. h. r.

Dórhallur Ásgeirsson.

Tryggvi Axelsson.

AUGLÝSING

um sameiningu Selvogshrepps í Árnassýslu við Ölfushrepp í sömu sýslu.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Selvogshrepp í Árnassýslu og Ölfushrepp í sömu sýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tilögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Ölfushreppur.
2. Hið nýja sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Selvogshreppi og Ölfushreppi.
3. Íbúar Selvogshrepps og Ölfushrepps skulu vera þegnar hins nýja sveitarfélags.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Selvogshreppi og Ölfushreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Selvogshrepps skulu afhendast Ölfushreppi til varðveislu.
6. Sveitarstjórn sú, sem kjörin var í Ölfushreppi í kosningum þeim, er fram fóru 31. maí 1986, skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags. Kjörtímabil hennar er til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.
7. Sameiningin skal taka gildi 1. janúar 1989.

Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.